


Ungir einleikarar

12. JANÚAR 2012



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Einleikskonsertarnir taka hver um sig um það bil 30 mínútur í flutningi en Exsultate, jubilate er um 15 mínútur að lengd.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður þeim útvarpað á Rás 1 á sumardaginn fyrsta.

Upptaka frá tónleikunum er aðgengileg á vefslóðinni www.ruv.is í tvær vikur.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

UNGIR EINLEIKARAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 12. JANÚAR 2012 KL. 19:30

Chrissie Thelma Guðmundsdóttir, einleikari

Elín Arnardóttir, einleikari

Hrafnhildur Árnadóttir, einsöngvari

Ísak Ríkharðsson, einleikari

Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri

Wolfgang Amadeus Mozart *Fíðlukonsert nr. 5 í A-dúr, K. 219 (1775)*

Allegro aperto

Adagio

Rondeau. Tempo di Menuetto

Camille Saint-Saëns *Píanókonsert nr. 2 í g-moll, op. 22 (1868)*

Andante sostenuto

Allegro scherzando

Presto

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart *Exsultate, jubilate, K. 165/158a (1773)*

Exsultate - Allegro

Recitativo

Tu virginum corona - Andante

Alleluja - Molto allegro

Sergei Prokofiev *Fíðlukonsert nr. 2 í g-moll, op. 63 (1935)*

Allegro moderato

Andante assai

Allegro ben marcato

Einleikarakeppni LHÍ og SÍ

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara um að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram 11. og 12. nóvember í Listaháskóla Íslands. Fjórtán nemendur tóku þátt og báru fjórir sigur úr bítum. Í dómnefnd sátu: Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, Bergþór Pálsson óperusöngvari, Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri, Karólína Eiríksdóttir tónskáld og formaður dómnefndar, Una Sveinbjarnardóttir og Þorkell Jólsson hornleikari.

Ritun í tónleikaskrá

Ritun texta í tónleikaskrá Ungra einleikara var í höndum einleikaranna sem koma fram á tónleikunum í dag.

Ljósmyndir í tónleikaskrá

Grímur Bjarnason ljósmyndari.

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri



Bernharður Wilkinson hóf tónlistarferil sinn sem kórdrengur við Westminster Abbey í Lundúnum. Hann kom til Íslands árið 1975 að loknu námi í flautuleik við Royal Northern College of Music og réðst til Sinfóníuhljómssveitar Íslands. Bernharður hefur verið búsettur í Færeyjum um nokkurra ára skeið en hefur verið mikilvirkur í íslensku tónlistarlífi sem kennari, flytjandi og stjórnandi. Hann kenndi um árabíl við Tónlistarskólann í Reykjavík og var einn af stofnfélögum Blásarakvintetts Reykjavíkur. Orðstír Bernharðs sem stjórnanda vex stöðugt. Hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómssveit æskunnar, Lúðrasveit æskunnar og Kammersveit Reykjavíkur. Hann stjórnaði einnig sönghópnum Hljómeyki um árabíl og var aðstoðarhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands frá 1999 til 2003. Hann stjórnaði frumflutningi á fyrstu sinfóníu Færeyinga, sinfóníu eftir Sunleif Rasmussen sem síðar hlaut Norrænu tónlistarverðlaunin og fyrstu færeysku óperunni, *Í Ódamansgardi* eftir Rasmussen. Bernharður stjórnar SÍ í hljóðritun BIS á flautukonserti Hauks Tómassonar, sem hlaut Midem-verðlaunin í Cannes árið 2006. Bernharður var stjórnandi á tónleikum Páls Óskars og Sinfó síðastliðið vor og tónleikum Sigríðar Thorlacius og Sigurðar Guðmundssonar ásamt Sinfóníuhljómssveit Íslands sem nutu eindæma vinsælda. Nú um áramótin stjórnaði Bernharður nýárstónleikum í Norræna húsinu í Færeyjum þar sem Þóra Einarsdóttir og Gissur Páll Gissurarson sungu einsöng við mikið lof áheyrenda.

Chrissie Thelma
Guðmundsdóttir
einleikari



Chrissie Thelma Guðmundsdóttir hóf fiðlunám sjö ára gömul hjá Guðmundi Pálssyni við Tónlistarskóla Árneseinga. Tveimur árum síðar lá leið hennar í Allegro Suzukitónlistarskólann þar sem Lilja Hjaltadóttir tók við fiðluleiðsögn hennar. Fyrsta árið í þeim skóla fékk hún það skemmtilega tækifæri að leika með fiðluhópi Lilju á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þá níu ára gömul. Árið 2006 hóf Chrissie nám við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Auður Hafsteinsdóttir varð aðalkennari hennar. Chrissie vann konsertkeppni skólans og lék fiðlukonsert Bruchs haustið 2008 með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík. Það sama haust varð Guðný Guðmundsdóttir aðalkennari hennar, fyrst við Tónlistarskólann í Reykjavík, en frá hausti 2009 við tónlistardeild Listaháskóla Íslands, þar sem Chrissie mun ljúka diplómanámi vorið 2012. Chrissie Thelma hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, m.a. sem konsertmeistari undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar. Hún hefur leikið með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá upphafi og einnig tekið þátt í ýmsum atburðum í íslensku tónlistarlífi, svo sem að leika með jólagestum Björgvins og Sniglabandinu. Chrissie hefur sótt námskeið bæði heima og erlendis. Meðal kennara, íslenskra og erlendra má nefna Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Ara Þór Vilhjálmsson, Elfu Rún Kristinsdóttur, Sigurbjörn Bernharðsson, George Curmi, Danwen Jiang og Lindu Wang.

Elín Arnardóttir
einleikari



Elín Arnardóttir er fædd árið 1992. Hún hóf píanónám fjögurra ára gömul við Suzuki-tónlistarskólann í Reykjavík hjá Hönnu Valdísi Guðmundsdóttur. Árið 2004 hóf hún nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk framhaldsprófi þaðan árið 2009. Elín stundar nú B.Mus. nám við Listaháskóla Íslands en hún hóf nám við skólann á diplómabraut haustið 2009. Peter Máté hefur verið aðalkennari hennar frá árinu 2004. Elín lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 2011. Sama vor lék hún *Píanókonsert nr. 18* eftir Mozart með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Elín hlaut fyrstu verðlaun í píanókeppni EPTA á Íslandi í flokki nemenda í framhaldsnámi árið 2006 og árið 2009 hlaut hún þriðju verðlaun í flokki nemenda í háskólanámi. Elín hefur einnig sótt einkatíma og námskeið hjá Albert Mamriev, prófessor Zuzana Niederdorfer, Katariina Liimatainen svo fáeinir séu nefndir. Síðastliðið sumar sótti Elín námskeið á vegum International Keyboard Institute & Festival í New York.

Hrafnhildur Árnadóttir

einsöngvari



Hrafnhildur Árnadóttir er fædd í Reykjavík og byrjaði ung í tónlistarnámi. Eftir að hafa lært á fiðlu og píanó hóf hún nám í unglíngadeild Söngskólans í Reykjavík undir leiðsögn Margrétar Bóasdóttur. Síðar lærði hún hjá Elísabetu F. Eiríksdóttur og Dóru Reyndal og lauk burtfararprófi frá skólanum vorið 2009. Að því loknu hélt hún til náms við Conservatorium van Amsterdam þar sem hún stundar nú söngnám undir handleiðslu Valerie Guillorit. Hrafnhildur hefur sótt námskeið og einkatíma hjá ýmsum kennurum í Evrópu og New York, m.a. Margreet Honig, Kiri te Kanawa, Lorraine Nubar, Dalton Baldwin og Judith Rickinson. Síðasta sumar hlaut Hrafnhildur ásamt Hákonu Bjarnasyni, píanista, dvalarstyrk frá Selinu á Stokkalæk þar sem þau héldu tónleika með sönglögum eftir Poulenc, Wolf og Liszt. Hrafnhildur hefur sungið í mörgum kórum, nú síðast Mótettukór Hallgrímskirkju. Hún hefur einnig sungið einsöng með kórum á Íslandi og í Hollandi, meðal annars verk eftir J. S. Bach, Rossini og Finzi.

Ísak Ríkharðsson
einleikari



Ísak Ríkharðsson er fæddur árið 1993. Hann hóf fiðlunám þriggja ára gamall hjá Lilju Hjaltadóttur við Allegro Suzukitónlistarskólann og nam síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem kennari hans var Auður Hafsteinsdóttir. Haustið 2008 hóf Ísak nám við Listaháskóla Íslands hjá Guðnýju Guðmundsdóttur. Hann hefur að auki sótt tíma hjá Ara Vilhjálmssyni og Sigrúnu Eðvaldsdóttur innan skólans ásamt því að hafa verið á námskeiðum eða í einkatímum hjá Lindu Wang, Elfu Rún Kristinsdóttur, Danwen Jiang og Sigurbirni Bernharðssyni, auk annarra. Ísak hefur tekið þátt í námskeiðum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá upphafi og lauk nú í desember stúdentsprófi frá náttúrufræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð. Á árunum 2003-2005 kom Ísak víða fram sem drengjasópran og söng meðal annars á jólatónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju tvö ár í röð og hlutverk Miles í óperu Benjamins Brittens, *Tökin hert*, hjá Íslensku Óperunni, en sú uppfærsla hlaut Íslensku Tónlistarverðlaunin árið 2005.

Wolfgang Amadeus Mozart


Fiðlukonsert nr. 5



Fiðlukonsert nr. 5 eftir Mozart er einn þekktasti fiðlukonsert tónbókmenntanna og hefur hlotið viðurnefnið „hinn tyrkneski“. Konsertinn var saminn árið 1775, fimm vikum fyrir tvítugs afmæli tónskáldsins. Eftir hefðbundið forspil hljómsveitarinnar kemur einleiksfiðlan inn með syngjandi hæga laglínu, sem hljómsveitin fylgir á einfaldan hátt. Eftir þennan stutta inngang tekur einleiksfiðlan af skarið og setur á fulla ferð, en leikur þó stef sem byggir í stórum dráttum á hinum hæga inngangi. Mozart er þekktur fyrir að semja dásamlega hæga kafla og er miðkafla konsertsins fullkomið dæmi þar um. Laglínan er fallega uppbyggð og streymir fram án allrar áreynslu. Mozart kemur okkur svo hressilega á óvart með ýmsum hætti í síðasta kafla verksins. Kaflinn hefst á yndislegum dansi, menúett sem er mjög óvenjulegt og óhefðbundið fyrir síðasta þátt í einleikskonsert sem jafnframt er í rondóformi. Inn á milli hins blíða menúetts kennir ýmissa grasa, en hápunkti er náð í hinum villta tyrkneska dansi, þar sem selló og bassar slá bogum sínum á strengina í svokölluðu *col legno*.

Camille Saint-Saëns

Píanókonsert nr. 2



Camille Saint-Saëns (1835-1921) var fæddur í París í Frakklandi 9. október 1835. Hann var tónskáld, organisti, stjórnandi og píanóleikari. Faðir hans lést þegar hann var aðeins þriggja mánaða gamall. Hann ólst upp hjá móður sinni og frænku sem kenndi honum á píanó. Hann hóf ungur tónlistarnám og aðeins fjögurra ára gamall lauk hann við fyrsta verk sitt fyrir píanó. Hann lærði tónsmíðar í Konservatoríinu í París. Saint-Saëns og Liszt voru afar nánir vinir og tileinkaði Saint-Saëns *Sinfóníu nr. 3* Liszt vini sínum á dánarári hans 1886. Saint-Saëns lést 86 ára gamall í París. Hann samdi alls fimm píanókonserta en *Píanókonsert nr. 2* í g-moll, op. 22 er einn þekktasti píanókonsert Saint-Saëns, saminn og gefin út árið 1868. Konsertinn var frumfluttur af tónskáldinu með Anton Rubinstein sem stjórnanda. Saint-Saëns samdi konsertinn á aðeins þremur vikum og tileinkað hann konu að nafni Madame de Haber. Konsertinn er í þremur köflum. Fyrsti kaflinn, *Andante sostenuto*, hefst á inngangi hjá píanóleikaranum. Að inngangi loknum kemur hljómsveitin inn af miklum krafti og síðan er aðalstefið kynnt. Nokkur ólík stef koma fram í fyrsta kaflanum sem lýkur á upphafsstefinu. Hugmyndina að aðalstefinu fékk Saint-Saëns frá nemanda sínum Gabriel Fauré. Annar kaflinn, *Allegro scherzando*, er í Es-dúr og einkennist af fyndni og léttleika. Í lokakaflanum sem ber yfirskriftina *Presto* erum við aftur komin í upphafstóntegundina g-moll. Lokakaflinn er í sönötuformi og lýkur með kraftmiklum og hröðum arpeggium í g-moll. Lokakaflinn minnir á tarantellu.

Wolfgang Amadeus Mozart

Exsultate, jubilate

Í október 1772 hélt hinn 16 ára Wolfgang Amadeus Mozart í sína þriðju för til Ítalíu í fylgd föður síns. Þangað fóru þeir til að fylgja eftir velgengni Wolfgangs frá fyrri Ítalíuheimsóknum og vonaðist Leopold til að sonur sinn fengi fasta stöðu í Mílanó. Á hátíðardagskrá Regio Ducal Teatro di Milano 1772-1773 var frumflutningur á óperu Mozarts, *Lucio Silla*, þar sem geldingurinn Venanzio Rauzzini fór með aðalhlutverk. Söngvirtúósinn Rauzzini var sjálfur tónskáld og semballeikari og það var að hans tilstuðlan að Mozart samdi mótettuna *Exsultate, jubilate*. Ekki er vitað fyrir víst hver höfundur textans er en frjáls meðferð á sálmatextum var ekki óalgeng á Ítalíu á þessum tíma. Texti sönglessins og aríunnar *Tu virginum corona* bendir til þess að höfundurinn hafi haft reynslu af því að skrifa fyrir leiksvið. Því má álykta að librettisti hafi verið að verki og þá jafnvel helst Giovanni di Gamerra, sem skrifaði librettóið í *Lucio Silla*. *Exsultate, jubilate* var frumflutt 17. janúar 1773 í San Antonio kirkjunni í Mílanó. Mótetta Mozarts er samin í formi hins ítalska forleiks, þ.e. í þremur hlutum sem eru hraður – hægur – hraður; til viðbótar við sönglesið sem fengið er úr óperuforminu. Vel má merkja hvernig Mozart hefur séð til þess að Rauzzini gæti sýnt tilkomumikla færni sína við flutning verksins. Fyrsta arían er fjörug og kraftmikil með dansandi flúrsöngslínum. Fögnuðinn, sem einkennir allt verkið, má heyra strax í hljómsveitarinnganginum. Söngles í A-dúr tekur við af aríunni í F-dúr. Með þessum óvæntu tóntegundaskiptum er eins og létti til, líkt og þegar morgunsólin ris í dögum. Textinn lýsir þakklæti fyrir friðsæla dögum eftir óveðursnótt og er jafnframt inngangur að annarri aríunni. *Tu virginum corona* er hæg og lýrísk og reynir þar á söngvarann á annan hátt en í hinum aríunum tveimur. Við niðurlag aríunnar er snúið aftur í F-dúr með spennandi hljómagangi sem færir okkur varlega úr rólegri bæn yfir í gleðilegan dans. Gleðin leynir sér ekki í síðasta hlutanum, lofsöngnum *Alleluja*.

Sergej Prokofiev

Fiðlukonsert nr. 2

Sergej Prokofiev (1891-1953) var meðal áhrifamestu tónskálda 20. aldar. Hann var einnig píanisti og sást það vel á stíl tónverka hans framan af sem einkenndist af hraða og virtúósískum, jafnvel vélrænum mótífum. Árið 1918 í kjölfar rússnesku byltingarinnar og stuttu eftir að hann lauk við fyrsta fiðlukonsert sinn, yfirgaf Prokofiev Rússland og hélt til Evrópu. Þar var tónverkum hans, þar á meðal konsertinum, ekki jafn vel tekið og í Rússlandi og því reyndi Prokofiev að gerast enn framúrstefnulegri í næstu verkum sínum. Það féll hinsvegar ekki í kramið hjá Evrópubúum heldur. Næsta áratuginn endurhugsaði hann tónsmíðatækni sína og kom sér upp nýjum aðferðum sem byggðu á einföldum en ófyrirsjáanlegum laglínunum eða eins og hann lýsti síðar sjálfur: „Tónlist okkar tíma á fyrst og fremst að vera lagræn, en þótt laglínan sé einföld og aðgengileg má hún ekki verða ódýr eða fyrirsjáanleg. Sama má segja um tónsmíðatækni almennt; þrátt fyrir einfaldleikann má hún ekki vera gamaldags.“ Það var árið 1935 að Prokofiev samdi annan fiðlukonsert sinn sem fylgdi formerkjum þessarar nýju og einfaldari tónsmíðatækni, líkt og samtímaverkin *Pétur og Úlfurinn* og ballettinn *Rómeó og Júlía* gerðu. Konsertinn var pantaður af franska fiðluleikaranum Robert Soëtens en þetta varð jafnframt síðasta verkið sem Prokofiev lauk við áður en hann settist aftur að í Rússlandi í ársbyrjun 1936. Robert Soëtens og Samuel Dushkin höfðu þá nýverið frumflutt sónötu Prokofíevs fyrir tvær fiðlur og Igor Stravinsky nýlega samið fiðlukonsert fyrir Dushkin. Prokofiev ferðaðist mikið á meðan konsertinn var í vinnslu. Upphafsstef fyrsta þáttar samdi hann í París, fyrsta stef annars kafla varð til í Voronezh suður af Moskvu og hljómsveitarútsetningunni var lokið í Bakú í Azerbajdsjan. Konsertinn var síðan frumfluttur þann 1. desember 1935 af Soëtens í Madríd og var vel tekið. Soëtens fór víða um heim og lék konsertinn og flutti hann í Suður-Afríku árið 1972, þá 75 ára að aldri. Hver kafla hefur tvö meginstef sem

skiptast á og blandast saman innan kaflans. Fyrsti kaflinn hefst á dökku aðalstefinu spilðu af einleiksfíðlunni án undirleiks. Neðri strengir hljómsveitarinnar bætast síðan við með sama stef, en fyrstu sex nótur þess byggja upp meginþorra kaflans. Seinna stef þáttarins heyrir stuttu síðar. Það kallaði rússneski gagnrýnandinn Israel Nestyev einhverja þá innblásnustu hugmynd sem Prokofiev hefði fengið á ferlinum. Stefin tvö tvinnast svo saman kringum hápunkt þáttarins áður en allt róast aftur. Annar þátturinn samanstendur af himnesku stafi fíðlunnar með plokkuðum undirleik, sem er útfært á margskonar hátt kringum fjögri millikafli. Síðasti þátturinn er kraftmikill dans sem hefur spænskt yfirbragð á köflum undirstrikað með notkun kastaníetta. Inn á milli koma óhefðbundnari takttegundir: 7/4 og 5/4 og endar verkið með tvíleik einleiksfíðlu og bassatrommu sem verður sífellt hraðari allt fram að spennandi lokatöktum.

Söngtexti

Exsultate, jubilate

Exsultate, jubilate
o vos animae beatae,
dulcia cantica canendo;
cantui vestro respondendo
psallant aethera cum me.

Fulget amica dies,
jam fugere et nubila et procellae;
exortus est justis inexpectata quies.
Undique obscura regnabat nox;
surgite tandem laeti,
qui timuistis adhuc,
et jucundi aurorae fortunatae frondes
dextera plena et lilia date.

Tu virginum corona,
tu nobis pacem dona,
tu consolare affectus,
unde suspirat cor.

Alleluja.

Anon

Fagníð, gleðjíst

Fagníð, gleðjíst
ó þið blessuðu sálir,
þið sem syngið sæta söngva;
með svörum við söng ykkar
lofsyngja himnarnir með mér.

Skín, vinalegi dagur,
nú flýja ský og stormar;
við tekur óvænt kyrrð.
Alls staðar ríkti dimm nótt;
rísið nú loks í gleði,
þið sem áður óttuðust,
og gefið fagnandi hinni gleðilegu dögum
ríkulega laufgaðar greinar og liljur.

Þú drottning allra meyja,
þú gefur okkur frið,
þú sefar þær raunir
sem íþyngja hjartanu.

Hallelúja.

Þýðing texta Hrafnhildur Árnadóttir

James Bond-veisla

19., 20. og 21. janúar



Árið 2012 eru 50 ár liðin frá því að James Bond birtist í fyrsta sinn á hvíta tjaldiru, í myndinni Dr. No með Sean Connery í aðalhlutverki. Síðan eru myndirnar orðnar 24 talsins og enn ein væntanleg.

Eitt af því sem einkennir Bond-myndirnar er frábær tónlist. Titilstefið þekkjast flestir enda hefur það fylgt myndunum frá upphafi, en meðal tónlistarmanna sem hafa komið til liðs við myndirnar síðan má nefna Madonna, Paul McCartney, Duran Duran, A-ha og Tinu Turner.

Sinfóníuhljómsveitin býður nú til Bond-veislu þar sem fluttir verða allir helstu smellirnir úr myndunum, meðal annars You Only Live Twice, Nobody Does It Better, og A View To a Kill.

Breski stjórnandinn og tónskáldið Carl Davis hefur stýrt Bond-tónleikum víða um heim við góðan orðstír, meðal annars á tónleikum í Royal Albert Hall sem þurfti að endurtaka margoft vegna mikillar eftirspurnar.

Íslenskir söngvarar í fremstu röð taka þátt í tónleikunum. Páll Óskar sló öll met með Sinfóníunni á síðasta starfsári og snýr nú aftur á svið Eldborgar ásamt Valgerði Guðnadóttur, Sigríði Thorlacius úr Hjaltalín, Siggju Beinteins, Ingu Stefánsdóttur og Eyþóri Inga Gunnlaugssyni, sem vakti mikla hrifningu í Rocky Horror hjá LA í fyrravetur. Ekki missa af einstöku tækifæri til að heyra einvalið söngvara flytja þessi sívinsælu lög í glæsilegum hljómsveitarútsetningum.

Á döfinni



Nýtt, ferskt og spennandi í Hörpu

Myrkir músíkdagar

Fimmtudaginn 26. janúar

Á Myrkum músíkdögum hljóma íslensk verk í bland við erlenda samtímatónlist eftir nokkur af athyglisverðustu tónskáldum samtímans. Danska tónskáldið Hans Abrahamsen er sérstakur gestur Sinfóníuhljómsveitarinnar á þessum tónleikum og er nýja hljóm-sveitarverkið hans, 10 sinfóníur, samið að hluta fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Ilan Volkov.

Tónskáldastofa í Eldborg

Föstudaginn 27. janúar kl. 09:30-11:30

Föstudaginn 27. janúar efnir Sinfóníuhljómsveitin í annað sinn til Tónskáldastofu, þar sem þrjú íslensk tónskáld undir 35 ára aldri fá þjálfun og leiðsögn í að skrifa verk fyrir sinfóníuhljómsveit. Valið er úr innsendum verkum og í ár var það danska tónskáldið Hans Abrahamsen sem valdi tónverkin Lancharan eftir Gunnar Karl Másson, Grafgötu eftir Guðmund Stein Gunnarsson og Kvikú eftir Kristján Guðjónsson. Tónskáldastofa er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Hans Abrahamsen tónskáld

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

HLJÓMSVEITIN Á TÓNLEIKUM

12. janúar 2012

1. FIDLA

Sif Tulinius
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Mark Reedman
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Ágústa María Jónsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Roland Hartwell
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Helga Steinunn
Lilja Hjaltadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Svava Bernharðsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Auður Ingvadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson

HORN

Joseph Ognibene
Stefán Jón Bernharðsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Árni Áskelsson

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is